

**Ed.**

### **3. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1940.)

1. gr.

52. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka, eða eftir atvikum láta niður falla, sektir samkvæmt lögum þessum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

1. júlí 1940 fellur niður heimild sú, sem ráðuneytinu er veitt með lögum nr. 5 1938 til að lækka eða fella niður stimpilsektir. Varhugavert er að nema undanþágunægilegur til þess að ljúka við hús handa háskólanum. Reynslan hefir nú sýnt, að langt er frá því, að allir hlutir happdrættisins hafi gengið út. Þeir eru 25000, eða reiknað í fjórðungum 100000, en salan hefir verið þau 6 ár, sem happdrættið hefir starfað, eins og hér greinir (miðað við 10. fl.):

1934	.....	45080	fjórðungsmiðar
1935	.....	64968	—
1936	.....	67779	—
1937	.....	67437	—
1938	.....	76064	—
1939	.....	77200	—

Hefir happdrættið á þessum árum gefið af sér alls 930000 krónur, þegar frá er dreginn ágóðahluti atvinnudeildar háskólans (10%, ágóðinn 1939 er áætlaður). Má áætla, að það gefi á þeim 4 árum, sem eftir eru af einkaleyfistímanum, 650000 til 700000 krónur, og er þá ágóðinn alls á einkaleyfistímanum um kr. 1580000 til 1630000 krónur.

Þessi fjárhæð hefði að sjálfsögðu nægt til verksins, ef ekkert hefði breytt frá því, sem var, þegar lögín voru sett. En nú er þess að gæta, að fyrst voru lagðar 200000 kr. í hús fyrir rannsóknarstofnun háskólans, og svo hefir verðlag farið mjög mikið hækkandi. Eftir því sem næst verður komizt mun kostnaðurinn við hús og lóð verða um 2 milj. kr. Hefir byggingarnefnd háskólans þó komizt hjá stórkostlegri verðhækkun með því að herða á verkinu langt umfram það, sem tekjur hafa fengið til. Er nú komið svo, að húsinu má ljúka á þessum vetri og næsta sumri, ef nægilegt fé er hægt að fá. Er það fullkomin nauðsyn, því að vænta má geysilegrar hækkunar á öllum liðum.

Háskólaráð býst við að geta aflað lánsfjár til þess að ljúka verkinu nú, ef full trygging er fyrir því, að tekjur happdrættisins gangi til greiðslu lánanna, eða með öðrum orðum, ef leyfistíminn er svo langur, að víst megi telja, að hann nægi til þess að greiða allan kostnað af verkinu.

Háskólaráð hefir því farið fram á að fá nú þegar framlenging á einkaleyfistímanum, til þess að það geti sett allan kraft á að ljúka verkinu áður en í óefni er komið um verðlag.

Auk þess er Alþingi orðin mjög mikil þörf á því, að háskólinn fari úr alþingishúsinu, en það myndi hann gera næsta sumar, ef þessi framlenging verður nú veitt.